

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Bæjarveitur Vestmannaeyja Eldfellsvegur Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	8.10.2015	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Bæjarveitur Vestmannaeyja	Fulltrúi UST	
Heimili	Eldfellsvegur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	481188-2539	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Snorrason	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	437434,084 326685,344

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik fundust en ein athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

- Skoðun krafna í fyrirmælunum og lokunaráætlun
  - Hylja skal urðunarstaðinn 1 metra jarðvegslagi til þess að regnvatn fari ekki ofan í hauginn.
  - Tilkynna skal Umhverfisstofnun verklok við að hylja hauginn fyrir 1. október 2014
  - Staðsetja skal mælibrunn í samráði við Umhverfisstofnun og skal hann vera neðan við urðunarstaðinn.
  - Árleg mæling á sigi á yfirborði urðunarstaðarins.
  - Árlega mælingar mælibrunninum
  - Tvisvar á ári skal mæla hæð grunnvatnsyfirborðs í mælibrunninum
  - Vöktun á veðurfari og veðurupplýsingum.
- Skoðun í Búastaðagryfju

Fundað var með fulltrúa rekstraraðila og Áslaugu Rut Áslaugsdóttur heilbrigðisfulltrúa. Byrjað var á að fara yfir kröfur í fyrirmælum um frágang og vöktun sem gefin voru út á síðasta ári. Fulltrúi rekstraraðila kvaðst ekki hafa lokið landmótun á svæðinu en sótt var um starfsleyfi til landmótunar til heilbrigðisnefndar Suðurlands á árinu 2012. Þar sem landmótun væri ekki lokið þá hefði tilkynning sem getið er um í fyrirmælum um frágang og vöktun ekki verið send til Umhverfisstofnunar. Búið væri að hylja urðunarstaðinn með tilskildu meterslagi af jarðvegi. Bent var á að kröfur um að loka haugnum fyrir regnvatni væru alveg óháðar áætlun um landmótun og því best að ljúka tilkynningaskyldu gagnvart stofnuninni.

Á fundinum komu fram hugmyndir um að nýta sjóholu nálægt sorpbrennsluhúsinu sem mælibrunn vegna krafna um mælinga á grunnvatnshæð og efnainnihaldi grunnvatns. Einnig kom fram að ekkert grunnvatn væri á svæðinu nálægt Búastaðagryfju og að gætti sjávarfalla í holunni. Rekstraraðila var bent á að senda erindi þar að lútandi til Umhverfisstofnunar enda skyldi hafa samráð við stofnunina um staðsetninguna. Sjötökuholan er í um 250 metra fjarlægð frá Búastaðagryfju.

Fram kom að veðurstöð Veðurstofu Íslands er á Stórhöfða og hyggst rekstraraðili nýta söfnun veðurupplýsinga frá þeirri stöð.

Starfsleyfi Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir Sorporkustöð Vestmannaeyja við Eldfellsveg rennur út 1. febrúar 2016, en engin starfsemi er í gangi hjá rekstraraðila á því starfsleyfi.

Móttaka úrgangs, flokkun og pökkun fer fram í húsnæði Sorporkustöðvarinnar en starfsleyfið er gefið út af heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Farið var í skoðun á Búastaðagryfja. Einhver jarðgerð er í gangi á hluta svæðisins en stórt séð leit svæðið vel út.

## ATHUGASEMDIR

Tilkynning um lokun urðunarstaðsins hefur nú borist og tillaga gerð að því að sjötökuhola nálægt sorpbrennsluhúsi Sorporkustöðvarinnar verði notuð við eftirlitsmælingar vegna lokunar á Búastaðagryfju.

Árlegar mælingar vegna 2015 þurfa að berast á árinu.

Reykjavík, 20.10.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.